



## Starfsgreinasamband Íslands

### Fréttatilkynning

Halldór Björnsson var endurkjörinn formaður Starfsgreinasambandsins og Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur var kjörinn varaformaður.

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands, dagana 17. og 18. október, samþykkti fjölda ályktana, m.a. um kjaramál, húsnæðismál, atvinnu- og byggðamál og fleira. Hér er einungis sagt frá því helsta í þessum ályktunum, en þær eru birtar í heild á vef Starfsgreinasambandsins, [www.sgs.is](http://www.sgs.is).

#### Húsnæðismál

Í ályktun um húsnæðismál segir m.a. að Einn grundvallarþátturinn í velferð launafólks og jöfnun lífskjara sé húsnæði á viðráðanlegum kjörum í samræmi við efnahagslega getu fólks. Því sé nauðsynlegt að byggt verði upp varanlegt og traust húsnæðiskerfi sem þjóni hagsmunum alls launafólks. Þær breytingar sem gerðar hafi verið á kerfinu hafi leitt af sér fjölmörg vandamál sem nauðsynlegt sé að leysa. Skortur á leiguhúsnæði hafi leitt til hærri húsaleigu en eðlilegt sé. Nauðsynlegt er að lækka vexti á lánnum til byggingar leiguhúsnæðis og teknir verði upp stofnstyrkir til leigufélaga á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka, þ.m.t. húsnæðissamvinnufélaga og lífeyrissjóða, einstaklinga eða fyrirtækja sem kjósa að kaupa, byggja, eiga og reka almennt eða sérhæft leiguhúsnæði.

Það er mikilvægt að lánveitingar til húsnæðisöflunar verði háðar sömu skilyrðum án tillits til búsetu. Það getur ekki gengið að möguleikar fólks til að koma sér þaki yfir höfuðið séu háðir vilja og getu sveitarfélaga til að greiða fyrir veitingu viðbótarlána. Starfsgreinasambandið harmar þær vaxtahækkanir sem hafa orðið í viðbótarlánakerfinu, en þær íþyngja mjög þeim hópi fólks sem þarf á viðbótarlánum að halda.

#### Fiskvinnsla og sjávarútvegsmál

Lögð er áhersla á að sjávarútvegur og fiskvinnsla eru grundvallaratvinnugreinar og mikilvægt að Starfsgreinasambandið hafi skýra stefnu í því sambandi. Í ályktun um þessi mál er lögð áhersla á að sátt náist um fiskveiðistjórnunarkerfið og að helstu agnúarnir verði sniðnir af núverandi kerfi meðan þeirri sátt verði náð. Stjórn fiskveiða er ekki einkamál útgerða og sjómanna, heldur verður að taka tillit til hagsmuna og sjónarmiða fiskvinnslunnar og verkafólks í landi. Sambandið er andvígt framsali aflaheimilda. Starfsgreinasambandið telur að auka eigi hlut byggðakvóta til þess að styrkja þær byggðir sem byggja afkomu sína öðru fremur á vinnslu sjávarafurða.

Til að sátt skapist um fiskveiðistjórnunarkerfið krefst Starfsgreinasambandið þess, að útgerðum verði gert að skila yfirráðaréttinum yfir auðlindinni í áföngum. Þannig verði snúið við þeirri óeðlilegu eignatilfærslu með tilheyrandi búseturöskun sem orðið hefur á síðustu áratugum og tryggð á ný eðlileg endurnýjun í atvinnugreininni.

Leyfa þer fjárfestingu útlendinga til uppbyggingar í fiskvinnslu, en jafnframt þurfa að vera skýrar reglur og lög sem tryggi að fullu hagsmuni Íslendinga og að auðlindin verði áfram í eigu þjóðarinnar, eins og kveðið er á um í stjórnarskrá Íslands.

### **Atvinnu- og byggðamál**

Virk atvinnu- og byggðastefna hlýtur að hafa það að markmiði að tryggja öllu fólki í landinu mannsæmandi lífskjör. Ársfundur Starfsgreinasambandsins leggur áherslu á að spyrna verður gegn hratt vaxandi atvinnuleysi og hafnar hugtakinu hæfilegt atvinnuleysi, sem Seðlabanki Íslands hefur haldið á lofti á síðustu vikum og mánuðum. Bent er á, að sú þensla sem ríkt hefur í íslensku atvinnulífi á síðustu árum hafi ekki náð til allra landshluta. Fólksflótti af landsbyggðinni hafi skapað margþættan vanda sem bregðast þurfi við. Stjórnvöld hafi með aðgerðarleysi sínu í byggðamálum í raun ýtt undir þessa þróun.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að gera landsbyggðina að áhugaverðum kosti, þegar kemur að uppbyggingu nýrra atvinnu- og þjónustugreina. Leggja verði áherslu á fullvinnslu hráefnis og atvinnusköpun. Sérstaklega er bent á möguleika í þessu sambandi í tengslum við fyrirhugaða stóriðju. Áhersla er lögð á sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið, þar sem yfirráðarétturinn yfir auðlindinni verði fluttur til baka til þjóðarinnar. Samvinna í ferðaþjónustu verði eflað og símenntunarmiðstöðvar verði styrktar enn frekar. Réttur til náms verði tryggður, óháð búsetu.

Að lokum bent á nauðsyn þess að auðlindir séu nýttar á skynsamlegan máta og sú orka sem landsmenn eiga verði nýtt til uppbyggingar á samkeppnishæfum og arðbærum iðnaði og stóriðju á landsbyggðinni.

### **Kjaramál**

Ársfundurinn telur að sú leið að hækka lægstu laun umfram önnur, eins og gert var í síðustu kjarasamningum, hafi skilað góðum árangri. Lægstu laun séu þó enn of lág og mikilvægt að ná fram verulegum kjarabótum. Markmið samningsins hafa staðist og kaupmáttur aukist. Áfram verði unnið að því að bæta kaupmátt launa. Nú fer í hönd vinna við undirbúning næstu kjarasamninga og þá sé nauðsynlegt að félögin innan sambandsins móti sér sameiginlega stefnu. Jafnframt telur ársfundurinn eðlilegt að launastefna á almennum vinnumarkaði sé ráðandi fyrir aðra samninga.